VERKMENNTASKÓLI AUSTURLANDS

Samvinna - þekking - árangur

# VERKLEGT VAL 9.-10.BEKKJAR

## FAB LAB

Farið er almennt yfir búnað Fab Lab smiðju og þá möguleika sem felast í noktun hans.

Nemendur kynnast forritinu Inkscape og notkun þess við strfræna framleiðslu. Samhliða því læra nemendur grunnatriði í notkun leiserskera og vínilskera.

Áhersla er lögð á eigin hönnun sem og viðringu hugberak - og höfundarétti.



## NÝTT- MYNDBANDSGERÐ

Vídeógerð með símann að vopni. Nemendur vinna með eigin stuttmynd, allt frá hugmynd, handriti, og storyboard. Kvikmyndun, effektar og klipping efnis fer allt fram með síma.




## BIFREIÐAR

Nemendur fá kynningu á ýmsu hagnýtu sem snýr að bifreiðum, m.a. lyfta bíl og skipta um hjólbarða, pumpa í hjólbarða, vélbúnaðareftirlit/olíuhæð/kælivatn.

## RAFMAGNSFRÆÐI

Hér fá nemendur fræðslu um rafmagn og einnig verður unnið með ýmislegt sem tengist rafmagni, eins og t.d. víra, perur, klær o.s.frv.

Unnið verður eftir „Allir geta eitthvað - enginn getur allt."



## HÚSASMÍÐI

Grunnatriði trésmíði kennd, farið verður yfir helstu viðartegundir, eiginleika þeirra, notkunargildi og nemendum kynntir möguleikar á vinnslu úr tré.

Lögð er áhersla á notkun hand og rafmagnsverkfæra, s.s. við val og umhirðu, stillingar og brýnnslu og öryggisþætti er snerta þessi verkfæri.

Nemendur kynnast notkun algengra tegunda viðarlíms, trésamsetninga, pússningar og yfirborðsmeðferða viðar.



## MÁLM - OG VÉLTÆKNI

Nemendur fá kynningu á ýmsum verkfærum s.s. handverkfærum til heimabrúks, læra og þekkja verkfæraheiti, tilgang þeirra og notkun.

Farið verður í mælingar, notkun tommustokka, málbands og skífumál og farið verður yfir algengustu bolta og gengjur.

Nokkuð verður um verklega æfingar.

VERKMENNTASKÓLI AUSTURLANDS

Samvinna - þekking - árangur



## HÁR OG HÚÐ

Nemendur fá kennslu í umhirðu hárs og húðar, grunn í rúlluísetningu og permanenti.

Farið verður í grunn í uppsetningu á síðu hári, s.s. fléttur og hnútar. Meðhönldun á hitajárnum eins og sléttun og krullun á síðu hári.

Kynnt verður fyrir nemendum hugmyndafræðina á bakvið klippingar á hárlitun.